

## Fundargerð

### stjórnarfundar Félagsbústaða haldinn miðvikudaginn 19. apríl 2023 kl. 15.00 á skrifstofu félagsins Þönglabakka 4

**Mætt:** Haraldur Flosi Tryggvason, Ellý Alda Þorsteinsdóttir, Kjartan Magnússon, Magnús Davíð Norðdahl, Ragneiður Björk Halldórsdóttir og Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einnig sátu Andrés Ívarsson og Kristinn Karel Jóhannsson fundinn undir dagskrálið 2.

#### 1. Fundargerð

Fundargerð stjórnarfundar 23. mars var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Leiguverðslíkan: uppfærsla

Kynntar voru niðurstöður og tillögur vegna uppfærslu á leiguverðslíkani Félagsbústaða. Stjórnin samþykkir fyrirliggjandi tillögur að uppfærslu leiguverðslíkans og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram áfram.

#### 3. Háteigsvegur 59

Farið var yfir framlagða greinargerð dags. 17.04.23. vegna byggingar s 8 íbúða húss fyrir fatlaða. Kynntar voru niðurstöður útboðs og áætlaðan heildarkostnað við byggingu hússins. Áætlaður kostnaður þessa árs rúmast innan fjárfestingaáætlunar. Lagt fram til kynningar.

#### 4. Hverfisgata 83

Fyrir fundinum lá greinargerð og tillaga vegna Hverfisgötu 83, Bjarnaborgar. Í húsinu sem er verndað eru 15 íbúðir. Fyrirsjáanlegur er mikill viðhaldskostnaður bæði á yrta og innra byrði hússins. Stjórn samþykkir að húsið verði selt.

#### 5. Skýrsla um starfsemina fyrsta ársfjórðung 2023

Farið var yfir skýrslu um starfsemi félagsins fyrsta ársfjórðung. M.a. var kynnt uppfærsla á stjórnskipulagi sem verður tekin fyrir að nýju á næsta stjórnarfund. Lagt fram til kynningar.


#### 6. Tillaga fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands í velferðarráði

Á fundi velferðarráðs 15. febrúar sl. var tillögu um lækkun leigu á smáhúsum við Fiskislóð vísað til meðferðar Félagsbústaða. Leiguverð húsanna tekur mið af reglum um fasta og fermetraverð. Ekki verða gerðar breytingar á reglunum að svo stöddu.


## 7. Önnur mál.

- a. Samþykkt var tillaga formanns um að Magnús Norðdahl taki sæti í áhættunefnd.
- b. Kjartan Magnússon lagði fram eftirfarandi fyrirspurn: „Óskað er eftir sundurliðuðu yfirliti yfir allar fasteignir, sem Félagsbústaðir hafa keypt eða selt af Reykjavíkurborg frá árinu 2010. Þar komi fram staðsetning, fermetrafjöldi og uppreiknað kaupverð/söluverð.“

Fleira ekki get. Fundi slitið kl. 16.40




Haraldur Flosi Tryggvason



Elly Alda Þorsteinsdóttir



Kjartan Magnússon



Magnús Davíð Norðdahl

Ragneiður Björk Halldórsdóttir